

Guðrún Ingólfsdóttir

"o! að eg lifði í soddan sælu" Náttúran í Búnaðarbálki Eggerts Ólafssonar

[Byggt á erindi sem flutt var 3. febrúar 1996 á málþinginu Ljóðlist á átjándu öld]

I. Inngangur

Í hugum margra er Eggert Ólafsson kannski frægastur fyrir að hafa druknað í brúðarörmum á Breiðafirði: "saltdrifin hetja, stígninn upp af bárum" (Jónas Hallgrímsson 1989:118). Rómantískt, jafnvel á tímum upplýsingar. Ekki er þó ófyrirsynju að *Ísland ögrum skorið* haldi nafni hans á lofti svo og *Búnaðarbálkur* sem ýmsir telja afar vont kvæði, ólesið. "kvað hann um fold og fagra mey/fagnaðarljóð er gleymast ei" (Jónas Hallgrímsson 1989:123) sagði Jónas Hallgrímsson þegar hann hyllti Eggert, helstu hetju sína og fyrirmynd, í *Hulduljóðum*, en sá dómur hefur því miður ekki reynst óbrotgjarn í bragartúni. Eftirfarandi ljóðlínur eru e.t.v. öllu nær sanni um stöðu Eggerts í bókmenntasögunni: "Ó, Eggert! ... /útivist þín er vorðin löng og hörð" (Jónas Hallgrímsson 1989:118). Á háskólaárum mínum fékk Eggert fremur kaldar kveðjur frá aðdáendaklúbbi Jónasar Hallgrímssonar, sumum okkar til nokkurrar undrunar. Kartöfluskáld var nafngiftin sem menn notuðu um hann þar á bæ og gleymdu því í svip að Hulduljóð, eitt af fegurstu ljóðum Jónasar, er sannkallaður óður til Eggerts.

Hér á eftir mun ég einkum fjalla um náttúrusýn Eggerts eins og hún birtist í helsta kartöflukvæði hans Búnaðarbálki.

II. Almennt um Búnaðarbálk

Af Búnaðarbálki eru til tvö eiginhandarrit, Bibl. Bodl. 20722 og Lbs. 1513 4to, en kvæðið var fyrst prentað í Hrapsey árið 1783. Búnaðarbálkur er talinn ortur í Sauðlauksdal á árunum 1760-64 og er tileinkaður hinum mikla búhöldi Birni Halldórssyni, en ýmsir telja og að Björn sé fyrirmynd unga bóndans í kvæðinu (sbr. Vilhjálmur Þ. Gíslason 1926:229-30 og Helga K. Gunnarsdóttir 1990:233). Á tímum upplýsingar í Evrópu var mikið ort af fræðikvæðum með viðamiklum skýringum og neðanmálgreinum en fram að þessu hefur Búnaðarbálkur einmitt verið flokkaður með slíkum kvæðum. Þetta á einkum við um ytra form Búnaðarbálks en eins og ég kem að síðar, þá fjallar Eggert hér fyrst og fremst um útópíska draumsýn sem styðst ekki nema að hluta til við veruleikann.

Á undan kvæðinu fer kafli sem ber heitið *Inntak efnanna í Búnaðar-Bálki*, en þar lýsir höfundur í stuttu máli viðfangsefni þess frá A til Æ. Þessari efnisskiptingu heldur hann inni í sjálfu kvæðinu, en það skiptist í þrjú kafla. Sá fyrsti nefnist Eymdaróður en þar gagnrýnir Eggert búskaparlag samtíðarmanna sinna, sem hann telur markast af leiðindum og ónáttúru. Eggert sækir skýringar á þessu ástandi í veruleikann og því verður ádeila hans naktari og markvissari en ádeilur fyrri skálda sem ekki sáu til sólar fyrir refsivendi guðs, enda voru þeir og bundnir á klafa erfðasýndarinnar og gátu sig ekki hrært (sbr. Vilhjálmur Þ. Gíslason 1926:245). Eymdaróði má skipta í fjóra hluta: I. Lýsing á eymdarástandi þjóðarinnar, II. Samanburður við fortíðina, III. Reynt er að sannfæra menn um gæsku guðs, IV. Hvöt til

Íslendinga. Annar kafli kvæðisins nefnist Náttúrulyst og er lýsing á því hvernig ungi bóndinn, sem nemur land í sæludal Eggerts, upplýsist fyrir tilverknað eigin reynslu og umþenkingar og sér leið til að stunda farsælan búskap. Náttúrulyst má einnig skipta í fjóra hluta: I. Vangaveltur unga bóndans að nóttu til um búskaparhorfur hans, II. Samanburður við fortíðina, III. Birtir af degi og unga bóndanum opnast ný sýn á náttúruna, IV. Þankarnir leiða hann á nýjar brautir og sæludalurinn opnast honum. Þriðji kafli Búnaðarbálks heitir Munaðardæla og er að nokkru kennslubók í búskaparháttum og því hvernig menn geta lifað góðu lífi af gæðum landsins. Dugnaður og dygðugt líferni voru lykilhugtök á upplýsingaröld enda undirstrikar Eggert að farsæld manna sé einnig undir þessum þáttum komin. Munaðardælu má og skipta í fjóra hluta: I. Hugmyndafræði og staða mannsins í veröldinni, II. Konan og hlutverk hennar á búinu og í sæludalnum, III. Kennsla í grasafraði og búskaparháttum, IV. Herhvöt til Íslendinga að breyta um stefnu.

III. Náttúran í Búnaðarbálki

Í upphafi Eymdaróðs fjallar Eggert um þá náttúrusýn sem við samtímamönnum hans blasir. Eilíft myrkur grúfir yfir og byrgir manningum sýn. Hann líkir Íslendingum við lirfur sem ná ekki að klekjast út og því fer taktföst hrynjandi náttúrunnar og árstíðaskipti framhjá þeim:

18. Ei mun leiðari vist til vera;
vorið kemr og nóttin björt;
allskonar jurtir blóma bera;
blærin hýrnar við dægrið hvört;
fuglar vinast með sætum saung,
síst verðr þessum tíðin laung.

(Eggert Ólafsson 1832:33)

og

19. Náttúran stígr vikivaka,
veraldar dýrin lífgar hún;
fyrreindar lyrfur frá skal taka:
firrast þær við með síða brún,
hvílkra gæða' að hlakka til,
haldandi vera barnaspil. (33)

Maðurinn hefur fjarlægst náttúruna, hún er honum beinlínis fjandsamleg og uppfull af ógnum og skrípum:

17. Gól heyra menn og horfa' á myndir
hræðiligar með eldígum;
allteins sjá þeir sem eru blindir
illar vofur í myrkrunum;
forynjur hestum færa slig,
fær, naut og hirðar slasa sig. (33)

Ónáttúra manna kristallast síðan í því að þeir "svíkjast um að eiga börn" (33). Eggert bendir hins vegar á að náttúran sé söm við sig enda sé henni stjórnað af mildi og gæsku guðs. Í náttúrunni fái tilvist guðs staðfestingu:

23. Skoðaðu guðs í verkum veru,
vill hann ei þína hvörsdags hrygð;
full af yndæli flest þau eru;
fékk hann þér í þeim miðjum bygð,
að *Adams* straff og eynda þján
æ mýkist fyrir herrans lán. (34)

Ákveðin togstreita kemur þó fram í kvæðinu þegar Eggert reynir að sýna fram á að ungi bóndinn öðlast hamingju fyrir eigin tilverknad, þ.e. með því að beita skynsemi sinni, en verður einnig að treysta á þau örlög sem skaparinn skammtar honum. Til að öðlast vist í sæludal Eggerts virðist þurfa að krydda skynsemina með náð guðs, en eins og allir vita eru margir kallaðir en fáir útvaldir:

18. Meinlausir þánkar gánginn greiddu,
gerðu þeir stutta villuleið,
þángað á götu-leysi leiddu,
lukkan hvar fyrirsat og beið
að skipun guðs í grænum dal;
geingr það fram, sem verða skal. (36)

Sú skoðun kemur á hinn bóginn fram í Munaðardælu að náttúran er verk guðs sem mannum ber sí og æ að þakka, en það sé í valdi hans að nota sköpunarverkið sér í hag. Þótt forsjón guðs svífi hér yfir vötnunum, þá fjallar Búnaðarbálkur fyrst og fremst um manninn og stöðu hans í veröldinni, þ.e. maðurinn er miðlægur, ekki guð. Staða mannsins og viðhorf til guddómsins eru eitt meginstefið í skáldskap upplýsingartímans (sbr. Helga K. Gunnarsdóttir 1990:218).

Í Eyndaróði lýsir Eggert mannum, í Náttúrulyst skoðar hann náttúruna. Höfuðpersóna kvæðisins, ungi bóndinn, gengur út og lítur umhverfi sitt með sömu augum og samferðamennirnir. Myndin sem dregin er upp er fremur drungaleg, náttúran endurspeglar hér hugarástand ljóðmælanda, hann persónugerir náttúruna. Gunnar Harðarson bendir á það í grein í *Skáldskaparmálum* að í fornum kveðskap séu náttúrulýsingar m.a. láttnar endurspegla tilfinningalífið (sbr. Gunnar Harðarson 1990:209). Þessa aðferð má og sjá í 18. aldar kveðskap, en þó einkum síðar hjá rómantískum skáldum:

2. Þánkar í lopti flugu frú,
flestin þúngbúnir draumum af;
himininn netja skýldr skýum,
skyggði sem speigil undir haf;
mögláði sjór við merskis brýn
melankólisku kvæðin sín.

og

3. Vatnið af heiðum veltist niðr,
var það að tauta giljum í;

en skuggaligir skútar viðr
skvöldruðu margt og gegnðu því;
ásýnd jarðar var ekki björt,
eins vóru fjöll og bygðin svört. (34-35)

Unga bóndanum verður hugsað til forfeðranna og þá hýrnar yfir honum, en þegar augu hans beinast að samtímanum fyllist hann fyrra vonleysi. Til að lýsa hugarástandi sínu notar ungi bóndinn náttúrumynd sem kallast á við þá mynd sem hann dró áður upp af sjálfri náttúrunni:

9. Enn þá eg leit hve landsins múgum
leið, og siðvaninn bjargir fól,
ský vonarleysu döpur drjúgum
dró fyrir mína gleði-sól;
efnaleysið mig líka sló,
laus-sinnis hik í brjóstið fló. (35)

Á táknrænan hátt reikar hann um nótt en er eldir af degi vekja fuglar hann af þungum þönkum og honum verður ljós hin háttbundna hrynjandi náttúrunnar:

14. Í þeirra fugla eðlisháttum
ei nema lyst og gleði fann;
þeir átu nær þeir eta máttu,
af þeirra vistum sjórinn rann;
en þegar vatnið yfir flaut,
ámeðan sérhvörr hvíldar naut. (36)

En þetta er einungis upphafið. Ungi bóndinn heldur áfram að hugsa og það styttr villuleið hans. Í tvennum skilningi er hann leiddur inn á nýjar brautir:

18. Meinlausir þánkar gáinginn greiddu,
gerðu þeir stutta villuleið,
þángað á götu-leysi leiddu,
lukkan hvar fyrirsat og beið
að skipun guðs í grænum dal;
geingr það fram, sem verða skal. (36)

Á ókunnum slóðum verður hann að draga lærdóm af eigin reynslu og því sem getur að líta í umhverfinu. Sólin fer þó ekki að skína í sæludalnum fyrr en konan kemur til sögunnar. Í Munaðardælu kemur hins vegar fram að þótt eiginkonan sé hluti af hinu fullkomna samfélagi á hún ekki þátt í að byggja það frá grunni.

Í Munaðardælu hnykkir Eggert enn betur á ýmsum þeim hugmyndum um náttúruna sem fram komu fyrr í kvæðinu. Hann leggur áherslu á forsjón guðs en fjallar einnig í anda upplýsingar um þá reglufestu sem allstaðar megi sjá í heiminum:

7. Eg tók mér helzt til hugleiðingar,
hvörsu náttúran regluð var,
eins í því vigtug' og í því rínga,

er fyrir skilnings-vitin bar;
um það get eg ei annað sagt,
allt talaði guðs speki' og makt. (39)

Í Munaðardælu lýsir Eggert lífi sem er gagnólíkt því sem fjallað var um í Eyndaróði. Þar hafði maðurinn snúið baki við náttúrunni, en í Munaðardælu lifir ungi bóndinn nú í anda Rousseau eftir lögmáli guðs og náttúrunnar, en ekki lögmáli Mammons:

3. Að kunna' að lifa' í fró og friði,
fullhraustur undir herrans líkn,
umgirtur verndar-eingla liði,
af djöfla valdi frjáls og sýkn;
en loks hjá guði' að verða viss
um vist ódáins sællífis. (39)

og

85. Ó þú blessuð forsælan fríða,
sem frið og lyst og nægðir ber!
vel má eg í þér una' og bíða,
einsog guð hefir lofað mér;
hjá þér er auðr ekki þar,
utan til snöru' og þvínungar. (48)

Eggert lýsir hér og hinu smæsta í náttúrunni, jurtum og dýrum og reynir að benda mönnum á fegurð himinsins:

fegurð veraldar lýstist öll (37)

en það má telja til nokkurrar nýlundu í íslenskum kveðskap á þessum tíma. Um þetta segir Vilhjálmur Þ. Gíslason í bók sinni um Eggert:

Það varð einnig eitt af fyrstu verkum viðreisnarmannanna, að reyna að beina huga þjóðarinnar að náttúru síns eigin lands, kenna nýja ást á fegurð hennar og nýja þekkingu á gæðum hennar. Það er menningarstórvirki Eggerts, og Bb. hans ekki síst, að hafa gert þetta öllum öðrum fremur. (Vilhjálmur Þ. Gíslason 1926:249)

IV. Útópía Eggerts

Sá sem fyrstur nam land í sæluríkinu Útópíu var Sir Thomas More í samnefndri bók frá árinu 1516. More var sýnilega undir áhrifum frá ferðabókum sem flæddu yfir Evrópu í kjölfar landafunda Portúgala og Spánverja á 16. öld. Æ síðan hefur leitin að þessu landi staðið, þó ákefðin rísi og hnigi í réttu hlutfalli við þjóðfélagsástandið hverju sinni. Fræðimenn sem fjallað hafa um útópíur eru ekki á eitt sáttir hvort telja beri ýmsar Paradísarlýsingar, sem finna má í bókmenntum frá upphafi vega, til þessarar bókmenntagreinar eða hvort miða eigi upphaf hennar við bók More. Eitt er víst að bók hans gaf útópíunni lögun og lit og ýmis þau sérkenni sem fræðimenn eru samdóma um að einkenni hana. Grunnform útópíu er yfirleitt einhvers konar ferðasaga. Ferðalangurinn er landkönnuður sem fyrir tilviljun finnur útópíu. Hann fylgist með innbyggjum í leik og starfi og kynnist heimkynnum þeirra. Þrátt fyrir að

útópíusmiðir á 16., 17. og 18. öld væru margir hverjir ákafir trúmenn, þá birta útópíur þeirra fyrst og fremst trú á manninn og vitsmuni hans. Útópían er af þessum heimi, ríki mannsins, hannað af honum sjálfum (sbr. Kumar 1991).

Búnaðarbálgur sver sig á ýmsan veg í ætt við útópíur. Ungi bóndinn er á ferð um nótt þegar hann eins og fyrir tilviljun ratar í sæludalinn:

18. Meinlausir þánkar gáanginn greiddu,
gerðu þeir stutta villuleið,
þángað á götu-leysi leiddu,
lukkan hvar fyrirsat og beið
að skipun guðs í grænum dal;
geingr það fram, sem verða skal.

19. Opnaðist land til fjalla frammi,
fætrnar uppað geingu bratt;
bólstað leit eg í breiðum hvammi
byggilegan, og það var satt!
huginn mér sagði: hér er nú
hamíngjuvænt að reisa bú.

20. Hvað sem land prýða kallast kunni,
komið var hér í eina sveit:
hálitad blóm í hvörjum runni,
heil-ylmuð grös og jörðin feit,
hólar, vellir, ávöxtuð lýng,
vötnin og fuglar allt umkring. (36)

Hann er fyrsti maður á jörðinni, landnámsmaður, og í reynd jafnósnotinn og náttúran sem opnast fyrir honum. Að þessu leyti er útópía Eggerts ólík fyrri útópíum, þ.e.a.s. íbúarnir sem ungi bóndinn hittir fyrir eru dýr en ekki menn. Starfsgleði og átakaleysi einkennir líf útópíumanna og það sama má segja um líf fuglanna og annarra dýra og síðan líf unga bóndans sjálfs í sæludalnum.

Líkt og áður gat er útópían hugarsmið mannsins og þar ógnar náttúran aldrei lífi hans og limum. Þó að náttúrulýsingar Búnaðarbálks séu að einhverju leyti útópískar virðist Eggert ekki, fremur en aðrir útópíusmiðir, líta svo á að kvæði hans fjalli um talsýn:

87. Hvað greppar fyrr á gyllta streingi
um goða-lunda sýngu prakt,
svosem forðum Ódáins engi,
um þig held eg með réttu sagt;
því raunin talar, það eg skil;
þeir diktudu hvað ei var til. (49)

Heimsýn manna var óraunsæ, en að mati Eggerts er sæludalur hans fyrir fótum þeirra ef þeir einungis líta upp. Margt bendir þó til að land þetta sé ekki hluti af íslenskri náttúru:

13. Þegar hraungrjót er handa' ámilli,
hræðist eg við og kem í stans,

af því jarðeldr jafnan spillir
jörðunum hér og utanlands;
að mitt hérað er frá þeim frí,
fullkomliga eg gleðst af því. (40)

Þó að útópían hafi komist á kortið á 16. öld, liggja engir gagnvegir til hennar. Sæludal Eggerts má hins vegar finna í hverri sveit. Óhjákvæmilega lendir hann hér í mótsögn við sjálfan sig þegar hann sér síðan ástæðu til að taka fram að sæludalur hans sé laus við náttúruhamfarir.

Í Eymdaróði hafði maðurinn gefið sig vetrinum á vald og koðnaði undir ægishjálmi hans. Ungu bóndanum reynist ekkert síður erfitt að takast á við þennan árstíma, en hann snýst til varnar með því að taka upp sitt eigið litaspjald og mála sumar yfir í veturinn með ýmsum brögðum:

42. Lángt yrði þvílíkt til að tína;
tek eg það sem er fágætast;
reynslan gjörði mér sjálf að sýna,
þó sæki' að frost og veðrið hvast,
hvörnig að vetrar húmin svört,
helzt feingi eg að sumri gjört. (42)

Ljóðmælandinn, engu síður en Eggert, er hér höfundur náttúrunnar, þ.e. þeirrar náttúru sem hann treystist til að glíma við. Hin taktfasta hrynjandi raunsannrar náttúru er honum ofviða, og því er sú náttúra sem hann hrærist í, að hluta til einungis hugarburður hans. Í útópíuhugmyndinni kristallast einmitt þrá mannsins eftir umhverfi og örlögum sem hann mótast sjálfur.

Eins og áður kom fram má sjá í bálki Eggerts anga af ýmsum þeim hugmyndum um náttúruna sem ríktu á 18. öld. Útópían setur vissulega mark sitt á form og efni kvæðisins, en þar birtast aukinheldur fremur íhaldssamar hugmyndir um samband guðs og manns (sbr. hér á undan) en einnig mjög róttækar sem benda fram á við til rómantíkur. Á 18. öld breyttust mjög hugmyndir manna um náttúruna, þó að þær verði ekki fullburða fyrir en síðar. Um þetta segir Klaus P. Mortensen í bókinni *Himmelstormerne*:

Med frembruddet af den naturvidenskabelige betragtning forstås naturen i stigende grad ved naturen selv, ved de love som findes i naturen og ytrer sig i dens processer – geologisk, biologisk, astronomisk. Men samtidig, så fastholdes naturens gamle funktion som værdigiver, skønt værdierne har flyttet sig. Himmelstormerne afskaffer ikke naturens metafysiske rolle, men giver den et nyt indhold. Idet himmelstormerne tilbeder den storslående, vilde eller skønne natur, bliver naturen hellig og overtager dermed den værdigivende funktion, som den kristne Gud havde. Naturen bliver en selvgyldig helligdom samtidig med, at mennesket bliver sin egen og naturens herre. (Mortensen 1993:17)

Mortensen fjallar hér og um kvæði norska skáldsins Tullins, Sjötti maídagur, sem hann orti skömmu áður en Eggert orti Búnaðarbálk. Hann segir að í kvæði Tullins kveði við nýjan tón:

... í *Majdagen* er et nyt aspekt kommet til: menneskets mulighed for ved egen kraft at nærme sig Skaberen. Den mulighed er i digtet forbundet med menneskets kærlighedsevne. (Mortensen 1993:49)

Vilhjálmur Þ. Gíslason hefur bent á skyldleika Búnaðarbálks, m.a. við kvæði Tullins. Tullin orti mjög í anda náttúrustefnunnar sem lagði megináherslu á saklaust líf í skauti óspilltrar náttúru fjarri borgarmenningu (Vilhjálmur Þ. Gíslason 1926:256-73). Vert er hins vegar að taka fram að borgarþreytu gætir ekki í kvæði Eggerts, þó ekki sé loku fyrir það skotið að hún sé að einhverju leyti uppspretta þess. Hugmyndir um hina villtu náttúru og tengsl mannsins við hana eru sannarlega af svipuðum toga í Búnaðarbálki og Sjötta maídeginum, enda bendir Mortensen á að Paradísarlýsingar einkenni kvæði Tullins (Mortensen 1993:88). Bæði þessi kvæði hefja manninn yfir náttúruna, gera hann að nokkurs konar skapara, en jafnframt eru sköpunarmætti hans settar ákveðnar skorður. Sú Eden sem maðurinn mótar hlýtur ávallt að vera einvörðungu daufleg endurgerð af verki Skaparans.

Ýmsir hafa fjallað um hvernig hugmyndir Evrópubúa um náttúruna hafi endurspeglast í lystigörðum þeirra, sem einnig hafi haft áhrif á málalag og ljóðgerð. Sem dæmi mætti nefna áðurnefndan Mortensen, en að auki Chris Fitter (*Poetry, space, landscape* 1995) og D.G. Charlton (*New Images of the Natural in France* 1984). Á síðari hluta 17. aldar og 18. öld breyttust skruðgarðar Evrópu úr formföstum reitum og hin villta náttúra og hjarðmenning eða sveitasælumening tóku völdin. Hin villta náttúra í lystigörðum Evrópu er aldrei ógnandi, fremur en náttúran í sælureit Eggerts og Tullins, ytri mörk garðsins setja henni sannarlega hömlur, hún er tilbúningur, höfundarverk hönnuðarins.

V. Lokaorð

Sú náttúra sem lýst er í Búnaðarbálki er af tvennum toga. Í upphafi Eyndaróðs leitast Eggert við að særa út illa hjátrúaranda sem eitra loftið og villa mönnum sýn á umhverfi sitt. Hann reynir síðan að leiða mönnum fyrir sjónir að jörðin sé þrátt fyrir allt sá staður sem guð lét þeim í té þegar hann rak Adam úr Paradís, og horfi menn af gaumgæfni í kringum sig þá er hann unaðsfullur:

Skóðuðu guðs í verkum veru,
vill hann ei þína hvörsdags hrygð;
full af yndæli flest þau eru;
fékk hann þér í þeim miðjum bygð,
að *Adams* straff og eynda þján
æ mýkist fyrir herrans lán. (34)

Til að sannfæra menn og veita þeim nýja sýn á náttúruna þarf Eggert í Náttúrulyst að búa til sælureit eða nokkurs konar Paradís. Við þetta skapast togstreita í kvæðinu, því hann reynir síðan í Munaðardælu að tengja þessa draumsýn við veruleikann með því að fjalla á allt að því vísindalegan hátt um búskap og jarðarbætur og þau not sem menn geti haft af hvers kyns jurtum. Kaldhæðnin felst einkum í því að Eggert varpar mönnum einungis milli tveggja heima. Áður voru þeir staddir í helvíti, nú leiðir hann þá inn í Paradís, en veruleikinn svífur í tómarúmi fyrir utan.

Þó Eggert leggi í Búnaðarbálki áherslu á þá skyldu sem hinum upplýsta manni er lögð á herðar, þ.e. að uppfræða náunga sinn:

15. Fyrir mig einn eg ekki byggji,
afspríng heldr og sveitúnginn; (40)

þá er mælanda kvæðisins mjög í mun að draga sig út úr hópi þeirra óupplýstu:

Ef þú vilt ekki verða draugr,
vend þér, mitt hjarta! burt frá þeim; (34)

og

67. Óttast eg að mín sæla sjatni,
sé eg leingr við þennan flokk; (45)

Viðlíka hugmyndir má finna hjá ýmsum upplýsingarmönnum, innlendum og erlendum, en af innlendum upplýsingarmönnum koma þær hvað skýrast fram hjá Magnúsi Stephensen. Í Búnaðarbálki hangir þó fleira á spýtunni. Þráin eftir Paradís þar sem maðurinn ríkir einn í krafti guðs er mjög sterk í kvæðinu, enda vísar Eggert beinlínis í söguna um syndafallið. Slíka þrá eftir sæluríki eða ósnortnu landi má t.d. sjá í Ameríkuferðum 16. aldar manna en þó einkum í skáldskap á 16., 17. og 18. öld (sbr. hér að framan). Framfaratrú upplýsingarmanna bar í fyrstu sama keim, þó að draumsýnin fölnaði þegar fram í sótti og virðist einungis tálsýn í Birtingi eftir Voltaire.

Í Búnaðarbálki lýsir Eggert svo feitri jörð að smjör drýpur af hverju strái. Í Landnámu segir frá því er Flóki Vilgerðarson, öðru nafni Hrafna-Flóki, fór að leita Íslands. Með honum sigldu bændur tveir, Þórólfr og Herjólfur, og komu þeir við Vatnsfjörð:

Þá var fjörðrinn fullr af veiðiskap, ok gáðu þeir eigi fyrir veiðum at fá heyjanna, ok dó allt kvikfé þeira um vetrinn. Vár var heldr kalt. Þá gekk Flóki upp á fjall eitt hátt ok sá norðr yfir fjöllin fjörð fullan af hafísun; því kölluðu þeir landit Ísland, sem þat hefir síðan heitit. ... Þeir sigldu um sumarit eptir til Nóregs. Ok er menn spurðu af landinu, þá lét Flóki illa yfir, en Herjólfur sagði kost ok löst af landinu, en Þórólfr kvað drjúpa smjör af hverju strái á landinu, því er þeir höfðu fundit; því var hann kallaðr Þórólfr smjör. (*Íslendingabók, Landnámabók* 1968:38)

Eggert yrkir Búnaðarbálk á einhverjum verstu hörmungatímum sem gengið hafa yfir þjóðina, og "ásýnd jarðar var ekki björt" (35). Kvæðið er eins og menn vita ort í þeim tilgangi að stappa stálinu í Íslendinga og opna þeim nýja sýn á landið og möguleika þess. E.t.v. má segja að samtímamenn Eggerts séu í hlutverki Flóka en Eggert sjálfur í hlutverki Þórólfs smjörs, þótt hann hafi eins og áður sagði fremur verið kenndur við kartöflur. Vandinn er hins vegar sá að raunsæismaðurinn Herjólfur virðist fjarri góðu gamni. Ekki má þó gleymast að samband Eggerts við náttúruna er þrátt fyrir allt lífrænt, því hann er bæði leiddur af ást á fegurð hennar og hagnýtissjónarmiði. Að lokum má benda á að ógerningur er að fullyrða hvort hin útópíska sýn Eggerts sé einungis tengd þeim erlendu straumum sem ég gat um fyrr, eða hvort inn í hana blandast eldforn draumur landans um ókennda sæludali á heiðum uppi: "Opnaðist land til fjalla frammi" (36), sem sjá má t.d. í Grettis sögu og þó ekki síður í þjóðsögum um

útilegumenn, en nokkru áður en Eggert yrkir Búnaðarbálk voru Halla og Eyvindur á flökki um heiðarnar.

Heimildir

Charlton, D.G. 1984. *New Images of the Natural in France*. Cambridge.

Eggert Ólafsson. 1832. *Kvæði*. Kaupmannahöfn.

Fitter, Chris. 1995. *Poetry, space, landscape*. Toward a new theory. Cambridge.

Gunnar Harðarson. 1990. Birtan og stormurinn: um náttúruskynjun í dróttkvæðum. *Skáldskaparmál* 1:203-210.

Helga K. Gunnarsdóttir. 1990. Bókmenntir. *Upplýsingin á Íslandi*. Tíu ritgerðir. Reykjavík: 216-243.

Íslendingabók, Landnámabók. 1968. Íslensk fornrit I (1). Reykjavík.

Jónas Hallgrímsson. 1989. Ljóð og lausamál. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar* I. Reykjavík.

Kumar, Krishan. 1991. *Utopianism*. Buckingham.

Mortensen, Klaus P. 1993. *Himmelstormerne*. En linje i dansk naturdigtning. Kaupmannahöfn.

Vilhjálmur Þ. Gíslason. 1926. *Eggert Ólafsson*. Íslensk endurreisn, önnur bók. Reykjavík.